



Grænfáninn

22. september 2009

Undirbúningsfundur – Svanborg, Kata og Didda.

Efni fundar:

1. Athuga merkingar á veggjum, allar leiðbeiningar og sáttmálann.

- a. Á fyrsta nemendafundi mánudaginn 28. sept fá nemendur það verkefni að fara yfir rými skólans og afhenda spjöld þar sem þau vantar.
- b. 1. hópur sér um: Fundarherbergi, Sérdeild á palli og hjá Sigu. Textilmennt, tölvuver, verkefnaver, bókaver og 10. AA. (5. B, Elís Orri og Azra)
- c. 2. hópur sér um: Skólaeldhús, mötuneyti, 7. GJS, 7. ÁGS, 8. EK, 9. ST, myndmennt og námsráðgjafa. (María, Kjartan, Logi, 10. AA)
- d. Kata sér um að athuga hvort sáttmálinn sé uppi í anddyri og hjá ritara.

2. Rifja upp markmiðin sem sett voru í fyrra.

- a. Teljum markmiðin standa fyrir sínu og ekki ástæðu til að breyta þeim. (Munum þó athuga með einnota drykkjarumbúðir, fáist leyfi til banna þær í skólanum þarf að umorða).

3. Kynna þarf þessi markmið fyrir starfsfólki.

- a. Á sameiginlegum deildarfundi fljótlega

4. Fara þarf yfir stöðuna í vinnu okkar.

- a. Hverju erum við að vinna í?
 - i. Ath töskurnar
- b. Hvað þarf að taka fyrir?

5. Skoða hvort setja skuli upp sorpdagatal

- a. Ekki verður sett um sorpdagatal eins og fyrri ár þar sem það þarf ekki nema einn dag þar sem ekki verður hægt að fara út með sorpið vegna veðurs til að það sé búið að riðlast. Þess í stað munu skólaliðar halda utan um þetta og eftir sem áður munu nemendur



hjálpá við losun en skólaliðar geta þá hliðrað þeirri vinnu til um dag/daga og kallað eftir aðstoð nemenda eftir þörfum og veðurfari.

- b. 5. bekkur reið á vaðið í síðustu viku og fóru fyrstu fjórir í stafrófinu í vinnuna. Þetta mun svo vera látið rúlla áfram eins og áður og næst fer 6. bekkur og fyrstu fjórir í stafrófinu þar o.s.frv.

6. Skoða hvort setja skuli upp skipulag unglíngastígs fyrir skolun einnota umbúða líkt í í vor.

- a. Þetta fyrirkomulag gekk það vel síðastliðið vor að sama skipulag verður haft á núna.
- b. Vinna upp skjal fyrir þetta og kynna í bekkjunum.

7. Er búin að hafa samband við Auði á Hvanneyri varðandi skipulag grenndarskógarins.

- a. Þau eru að huga að því með hvaða hætti þau geta komið þessu inn í verkefnaplanið, t.d. sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni.

8. Skipuleggja ferð 10. Bekkjar / 9. Bekkjar í að stífa af plöntur sem halla.

- a. Náðist ekki að ræða á fundinum.

9. Skoða þarf nánar staðsetningu gámanna með tilliti til losunar í þá.

- a. Norðurlóð skólans algjörlega lokuð allri umferð.